

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

399. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins fimmtudaginn 25.10.2018, kl.07:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins var Hilmar Gunnarsson lögmaður.

Tekið fyrir:

### 1. Starfsleyfi urðunarstaðar

Undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi rann út þann 24. október sl. Sótt var um nýtt starfsleyfi í vor til Umhverfisstofnunar og undanþágu í byrjun október til ráðherra umhverfismála. Fyrir liggur jákvæð umsögn Umhverfisstofnunar um undanþágu.

Að framangreindu virtu og í ljósi lögbundins hlutverks SORPU og sveitarfélaganna, almannahagsmuna og nauðsyn þess að ekki verði röskun á móttöku og urðun úrgangs í Álfsnesi telur stjórn SORPU nauðsynlegt að halda starfsemi óbreyttri þar til að niðurstaða ráðuneytisins liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 07:45

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson  
Líf Magneudóttir  
Ágúst Bjarni Garðarsson  
Jóna Sæmundsdóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Kolbrún Þorsteinsdóttir  
Björn H. Halldórsson  
Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarni Halldórsson